

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Eyjafjarðarsveit.

Kotra.

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar samþykkti á fundi sínum 3. september 2020 deiliskipulag fyrir annan áfanga íbúðarsvæðis í Kotru í landi Syðri-Varðgjár skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagssvæðið er rúmir 6 ha að flatarmáli og liggur austan Veigastaðavegar nr. 828 innan íbúðarsvæðis ÍB13 í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Skipulagið tekur til byggingar 14 íbúðarhúsa auk veglagningar og fráveitumannvirkja.

Deiliskipulagið var áður samþykkt í sveitarstjórn þann 28. maí 2020 en var breytt lítillega í kjölfar athugasemda sem bárust frá Skipulagsstofnun við yfirferð skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 40., 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Eyjafjarðarsveit, 20. október 2020.

Vigfús Björnsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 4. nóvember 2020